



Reglur Afreks- og viðurkenningarsjóðs Norðurþings

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurþings.

2. grein.

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu- og þjónusturáði Húsavíkurbæjar og er eign Norðurþings.

3. grein.

Tilgangur / markmið sjóðsins er að:

- styrkja og veita íþróttafélögum í sveitarfélaginu viðurkenningu fyrir góðan árangur, heiðarlega keppni og öflugt íþróttafélags- og æskulýðsstarf.
- styrkja og veita viðurkenningar til einstaks afreksfólks á sviði íþróttar, sem keppa fyrir hönd íþróttafélaga í Norðurþingi, til að auðvelda þeim að stunda æfingar í sinni grein og ná árangri.

4. grein.

Allar umsóknir sem berast sjóðnum skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi/ deild eða samtökum sem sækir um fyrir hönd íþróttafólks og skulu gerðar á þar tilgreind eyðublöð. Hver styrkumsókn skal vera undirrituð og henni skal fylgja greinargerð um áætlaðan kostnað og markmið.

5. grein.

Um styrki vegna íþróttahópa, liða eða félaga gilda eftirfarandi reglur:

Eftirtalin mót eru styrkhæf:

- Heimsmeistaramót
- Evrópumót
- Norðurlandamót
- Alþjóðleg mót

Einnig er heimilt að veita styrki til einstaklinga er valdir hafa verið í landslið.

6. grein.

Með stjórn sjóðsins fer Fjölskylduráð Norðurþings. Tengist umsókn eða umsækjandi aðalmanni í ráðinu persónulega skal kalla til varamann.

7. grein.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag sem sveitarstjórn Norðurþings ákveður við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig gjafafé sem og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

8. grein

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi sveitarsjóðs Norðurþings og Norðurþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

9. grein.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita eins og fjölskylduráð ákveður hverju sinni.

Sérákvæði vegna umsókna:
Tilgreina skal,

- Nafn, heimili, síma og kennitölu umsækenda
- Félag og/eða undirskrift forráðamanns þess félags sem undirritaður keppir/starfar í ef einstaklingur er skráður umsækjandi.
- Ástæður styrkumsóknar, sundurliðaðan kostnað vegna t.d. ferðar og einnig upplýsingar um aðra fjármögnun.
- Tilgreina skal upphæð styrkumsóknar.
- Verði ekki af umræddri ferð verður styrkur ekki greiddur.
- Styrkhæfir eru þeir viðburðir og/eða ferðir sem fram hafa farið á almanaksárinu.

10. grein.

Styrkveitingar fara fram í upphafi hvers árs vegna liðins árs. Auglýsa skal sjóðinn sérstaklega í upphafi hvers árs áður en úthlutun fer fram. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Norðurþingi hverju sinni sem og á vefsíðu sveitarfélagsins.

Umsóknir skulu stílaðar á Afreks- og viðurkenningasjóð Norðurþings, fjölskylduráð, Stjórnsýsluhúsinu Ketilsbraut 7 – 9, 640 Húsavík.



Samþykkt í fjölskyldu- og þjónusturáði 14. september 2005

Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. september 2005

Breytt í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurþings 3. júlí 2006.

Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurþings 2.september 2014

Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurþings 21.september 2015

Breytt í samræmi við samþykktir Norðurþings á 58. fundi fjölskylduráðs þann 9. mars 2020

Breytt í samræmi við samþykkt á 135. fundi fjölskylduráðs þann 22.nóvember 2022

Samþykkt af sveitarstjórn 1. desember 2022

